

Vinnuskýrslur Þjóðminjasafns Íslands 2007

5

Keldur á Rangárvöllum

Fornleifaeftirlit



Reykjavík 2007

© Guðmundur Ólafsson/Þjóðminjasafn Íslands

Forsíðumynd: Grafið í haustmyrkri. Lagnaskurður endurnýjaður heim að gamla bænum á Keldum. (GÓL-2007-25-23).

Keldur á Rangárvöllum.

Fornleifaeftirlit 28. nóvember 2007

Guðmundur Ólafsson

Þann 28. nóvember var haft samband við Þjóðminjasafnið vegna lagningar nýrrar vatnslagnar að gamla bænum á Keldum. Var vélgrafa frá gröfuþjónustu Þormóðs Andréssonar væntanleg á staðinn e.h. og vegna minjagildis bæjarins var talið nauðsynlegt að fornleifafræðingur fylgdist með því þegar skurðurinn væri grafinn.

Fornleifavernd ríkisins taldi ekki að þetta kæmi henni við vegna þess að Þjóðminjasafnið væri framkvæmdaaðili, og annaðist því Guðmundur Ólafsson, fagstjóri fornleifa á Þjóðminjasafni, fornleifaftirlit. Skúli Lýðsson, bóndi á Keldum, veitti ómetanlega aðstoð á staðnum, bæði við skurðgröftinn og vegna þekkingar á staðsetningu eldri lagna.



Mynd 1. Norðausturendi skurðarins. Skóflan sýnir hvar vatnsleiðslan, sem tengja þarf inn á, liggur í átt að vélaverkstæðinu á Keldum, sem sést í baksýn (GÓL-2007-25-14).



Mynd 2. Horft til norðausturs í átt að vélaverkstæðinu, þar sem tengjast þarf virkri vatnsleiðslu (GÓL-2007-25-6).



Mynd 3. Horft til suðvesturs eftir skurðinum í átt að gamla bænum. (GÓL-2007-25-11).



Mynd 4. Dæmi um jarðlagaskiptingu í skurðinum. Efst glyttir í gráan ofaniburðinn og þar undir skiptast á regluleg lög af fokmold, foksandi og gjóskulögum (GÓL-2007-25-9).

Byrjað var á að leita að vatnleiðslu sem liggur frá vélaverkstæði Skúla Lýðssonar að fjósinu. Hún fannst þar á um 90 cm dýpi, um fjórum metrum norðan og tveim metrum vestan við NV-horn verkstæðisins. Þaðan var skurðurinn grafinn til suðvesturs yfir hlaðið í áttina að gamla bænum.

Skurðurinn er 60 cm breiður og að jafnaði 110 – 120 cm djúpur. Sniðbakkarnir voru kannaðir með reglulegu millibili og reyndist óhreyfður jarðvegur vera alls staðar. Hvergi varð vart við eldri mannvirki eða mannvistarleifar í skurðinum. Á hlaðinu var efsta lagið um 20 -30 cm þykkur malar ofaniburður. Þar undir var mjög regluleg jarðlagaskipting, þar sem skiptust á þunn lög af fokmold, foksandi og gjósku.

Grafinn var um 40 m langur skurður yfir hlaðið. Er skurðurinn kom að girðingunni sem umlykur gamla bæinn kom í ljós gömul steinsteypt þró, sem mun hafa tilheyrt gamla bænum. Um 60 – 70 cm ferhyrnt op var ofan á rotþrónni sem hulið hafði verið með gömlum pottofni. Þróin var hálf full af vatni og var hún fyllt upp af mold og ofninn settur aftur yfir opið.


Sveigja þurfti framhjá þrónni og var skurðurinn grafinn norður fyrir hana og þaðan tekin stefna í átt að gamla bænum, um 18 m leið. Liggur skurðurinn 2-2,6 metrum vestan við vesturhlið bæjarins. Þegar komið var suður fyrir girðinguna fannst gamla vatnsleiðslan og önnur leiðsla í skurðinum á 90 cm dýpi. Var þessum gamla skurði fylgt alla leið heim að húsi.

Inntakið í húsið er í röri sem er um 1-1,2 m sunnan við kjallarahunni, undir glugga á vesturhlið hússins. Þar eru einnig rafmagnskapall og fleiri kaplar teknir inn í húsið.

Er grafið var heim að húsinu var allmikið af grjóti í uppmokstrinum. Þar sem nýi skurðurinn var á sama stað og sá gamli hefur grjótið hugsanlega komið úr mannvirki sem þarna hefur verið og fyrri skurður farið í gegn um. Steirnir hafa síðan verið settir aftur ofan í skurðinn.



Mynd 5. Mynd sem sýnir opið ofan í steypu rotþróna og afstöðu hennar (GÓL-2007-25-19).



Mynd 6. Teikning sem sýnir afstöðu mannvirkja og lagnaskurðar, sem sýndur er með brúnni punktalínu. Beygja þurfti fram hjá steyptri rotþró sem komið var niður á við girðingu. (Hluti af uppmælingarteikningu sem gerð var af TSK28).